

Samstarf sveitarfélaga

Umfang þess og eðli

Málstofa í Háskólanum á Akureyri, 29. apríl 2016

Arnar Þór Jóhannesson, sérfræðingur RHA

Kortlagning samstarfs

- Landinu skipt upp eins og svæðum landshlutasamtakanna
- Flokkað eftir málaflokkum (bókhaldslyklar sveitarfélaga) og eftir rekstrarformi samstarfsins
- Samstarf rekið af landshlutasamtökum
- Samstarf rekið af byggðasamlögum
- Sameiginlegar nefndir
- Samningar á milli sveitarfélaga
- Sameiginlegt eignarhald

Um rannsóknina

- Kortlagning samstarfsverkefna
 - Fyrirliggjandi gögn
 - Heimasíður sveitarfélaga
 - Upplýsingar frá landshlutasamtökum og sveitarfélögum
 - Oft erfitt að nálgast upplýsingar

Kortlagning samstarfs

- Sumt er á gráu svæði varðandi það hvort það sé samstarf
- Óformlegt samstarf og landsdekkandi ekki haft með í þessari greiningu
- Hvert svæði hefur sín sérkenni og engin tvö eru sérstaklega lík
- Getur verið mismundandi yfirbragð á samstarfi innan sömu landshlutasamtakanna

Höfuðborgarsvæðið

- Sveitarfélög sem þurfa ekki á miklu samstarfi að halda
- Þrjú stór byggðasamlög
- Kjósarhreppur svolítið sér á báti hvað stærð varðar – kaupir þjónustu af stærri sveitarfélögum eða byggðasamlögum
- Faxaflóahafnir og Orkuveita Reykjavíkur eru dæmi um samstarf út fyrir svæði SSH
- Stóru málin eru brunavarnir, sorphirða, almenningssamgöngur, hafnir og orku- og veitumál

Suðurnes

- Fimm sveitarfélög
- Litlu sveitarfélögin þrjú vinna saman í félagsmálum
- Grindavík er í litlu samstarfi við önnur sveitarfélög
- Samstarf við Hafnarfjörð varðandi HS veitur og skólaskrifstofu
- Þrjú sveitarfélög eru hluti af Brunavörnum Suðurnesja Bs en Sandgerði kaupir af þeim þjónustu
- Þjónustusamningar fremur fáir miðað við sambærilegar aðstæður annars staðar á landinu

Vesturland

- Í rauninni þrjú (eða fjögur) svæði
- Samstarfið teygist bæði á höfuðborgarsvæðið og Vestfirðina
- Mikið samstarf sveitarfélaga enda talsvert af mjög fámennum sveitarfélögum sem ættu annars erfitt með að veita þjónustu
- Mjög margir samstarfssamningar en bara tvö byggðasamlög
 - Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga bs
 - Þjónustusvæði Vesturlands bs
- Stærri sveitarfélögin þjónusta þau smærri (oftast nær)
- Mikið samstarf á Snæfellsnesi
- Öflug landshlutasamtök

Vestfirðir

- Níu sveitarfélög – flest fámenn
- Oftast samningar frekar en önnur form og sameiginlegar nefndir um afmörkuð málefni
- Fá sameiginleg fyrirtæki eða byggðasamlög
- Samstarf markast af landfræðilegum ástæðum
- Vesturbyggð og Tálknafjörður hafa mjög mikið samstarf
- Við Djúp gera minni sveitarfélögin samninga við Ísafjarðarbæ en stundum vinna þau líka saman án hans
- Talsvert samstarf út fyrir Vestfirði
- Nánara samstarf Reykhólahrepps, Strandabyggðar og Dalabyggðar?

Norðurland vestra

- Raunverulega þrjú ólík svæði
- Húning vestra sinnir sínum málum að mestu sjálf (m.a. félagsþjónustu)
- Sveitarfélögin í Austur – Húnavatnssýslu starfa saman í gegnum byggðasamlög
- Sveitarfélögin í Skagafirði eru með sameiginlegt eignarhald eða þá að Akrahreppur kaupir þjónustu af Sveitarfélaginu Skagafirði
- Rætur bs hætt starfsemi og Sveitarfélagið Skagafjörður hefur tekið við hlutverki þess

Norðurland eystra

- Mörg sveitarfélög á svæði Eypings og tvö atvinnuþróunarfélög
- Minni sveitarfélögin í Eyjafirði kaupa þjónustu af Akureyri eða koma sér saman um samstarf án aðkomu Akureyrar
- Sömu sögu má segja varðandi Norðurþing og þeirra nágranna
- Langesbyggð og Svalbarðshreppur eru með mikið samstarf
- Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð með samstarf í félagsmálum
- Sýnishorn af öllum samstarfsformum (landshlutasamtök, bs, héraðsnefnd, ses, HF, þjónustusamningar og sameiginlegt eignarhald)

Austurland

- Öðruvísi fyrirkomulag en annars staðar á landinu - landshlutasamtökin eru hluti af Austurbrú ses
 - 30 stofnaðilar
- Mikill samrekstur á Austurlandi
- Sameiginleg félagsmála- og barnaverndarnefnd undir forystu Fljótsdalshéraðs
- Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur vinna saman
- Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks, heilbrigðiseftirlit og fræðslumál (Skólaskrifstofa Austurlands) o.fl

Suðurland

- Alls 15 sveitarfélög
- Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjar ekki í miklu samstarfi við aðra
- SASS er heldur að draga úr starfsemi sinni og útvista verkefnum
- Mörg byggðasamlög en fáir þjónustusamningar
- Bergrisinn bs, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs, Héraðsnefnd Árnesinga bs
- Sjö sveitarfélög með sameiginlega skóla og félagsþjónustu í Árnessýslu

Samantekt

- Hvert svæði er einstakt og allur gangur á því hvernig samstarfi er háttað
- Lítið gagnsæi – hátt flækjustig
- Ekki alltaf sömu sveitarfélögin sem vinna saman
- Nokkuð mörg sveitarfélög með takmarkaða starfsemi sem hafa ekki bolmagn til þess að sinna grunnþjónustu nema með samstarfi
- Mikið samstarf í stóru málaflokkunum víðast hvar
- Verulegur hluti rekstrar sveitarfélaga fer fram í samstarfi

Takk fyrir